

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 254/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birni Björnssyni Blöndal

(Magnús Thoroddsen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1991 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar af hálfu ákærvaldsins, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að sektarrefsing verði lækkuð.

Ratsjá lögreglubifreiðarinnar var prófuð fyrir mælingu á hraða bifreiðar ákærða og einnig eftir mælingu. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að ratsjái hafi ekki verið í fullkomnu lagi og mælt hraða bifreiðarinnar réttilega 90 km miðað við klukkustund. Þykir því að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms rétt að staðfesta niðurstöðu hans.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Björn Björnsson Blöndal, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsens hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 9. apríl 1991.

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 18. október 1989, og dómtekið sl. föstudag. Ákærði er Björn Björnsson Blöndal, kt. 140546-3999, Freyjuvöllum 10, Keflavík.

Er honum í ákæru gefið að sök að hafa ekið „...fimmtudaginn 15. september 1988 bifreiðinni R-31418 suður Víknavegi í Ytri-Njarðvík með allt að 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við Grænásafleggjara“. Þetta er í ákærunni talið varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og krafist refsingar ákærða og greiðslu alls sakarkostnaðar úr hans hendi.

Skipaður verjandi ákærða hefur krafist þess, að honum verði dæmd vægasta refsing, er lög leyfi. Þá krefst verjandinn málsvarnarlauna sér til handa.

Lögregla stöðvaði ákærða að morgni 15. september 1988, þar sem hann hafði ekið á bifreiðinni R-31418 eftir Víknavegi í Njarðvík. Hafði ökuhraði ákærða verið mældur með ratsjá og reynst 90 km/klst., en á þessum kafla er leyfður hámarkshraði 50 km/klst., eftir því sem í skýrslu lögreglu segir. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi eigi verið stöðvaður fyrr en á stað, þar sem leyfður hraði sé 60 km/klst. Hefur hann sagst halda, að hann hafi ekið á 70-80 km hraða.

Hvað sem líður því, hvar ákærði var nákvæmlega stöðvaður, verður með framburði lögregluþjóna þeirra, er að stóðu, og könnun á aðstæðum á vettvangi talið sannað, að mæling hafi verið gerð á kafla, þar sem hámarks-
hraði er 50 km/klst.

Við meðferð máls þessa hefur komið fram, að skekkjur koma fram á ratsjám lögreglu á tilteknum kafla á Flugvallarvegi, að líkindum vegna áhrifa frá tækjum varnarliðsins. Slíks hefur aldrei orðið vart á Víknavegi eða annars staðar í byggðinni í Njarðvík.

Að sakargögnum athuguðum, framburði lögreglumanna og ákærða fyrir dómi og fyrri skýrslum þeirra fyrir lögreglu og dómi verður að telja sannaða þá háttsemi, sem ákærða er í ákæru gefin að sök. Er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur 14. maí 1946 og var því 42 ára að aldri, er brot var framið. Skv. sakavottorði hans var ákæru á hendur honum frestað skilorðsbundið 1962 vegna brots gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá sætti hann á árunum 1963 - 1974 sjö sinnum sektum vegna brota gegn umferðar- og áfengislögum.

Refsing ákærða þykir hæfileg 10.000 króna sekt, er afplánist með varðhaldi þrjá daga, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber og að greiða allan sakarkostnað, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar hdl., kr. 35.000.

Meðferð máls þessa hefur tekið langan tíma. Með dómi, upp kveðnum 17. október 1990, var málinu vísað frá dómi, en áður höfðu þrír lögmenn skorast undan því að taka skipun sem verjendur ákærða. Ríkissaksóknari kærði dóm þennan til Hæstaréttar, og var hann felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 6. nóvember og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið að nýju til dómsmeðferðar. Með umboðskrá dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 15. febrúar sl. var meðferð málsins falin Jóni Finnbjörnssyni, settum héraðsdómara á Keflavíkurflugvelli, og kveður hann upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Björnsson Blöndal, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í þrjá daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun Jóhannesar Sigurðssonar hdl., kr. 35.000.